

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
109. fundur.

Miðvikudaginn 31. ágúst 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Skýrsla sveitarstjóra.**
2. **Skólastarfið á Húnavöllum.**
3. **Kosning í nefndir, ráð og stjórnir.** Til eins árs.
Fulltrúar á ársþing SSNV. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara
4. **Fundargerðir:**
 - a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 18. ágúst 2011.
 - b) Hússtjórnar Dalsmynnis, dags. 15. ágúst 2011.
 - c) Almennur fundur fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 13. apríl 2011.
 - d) Fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 16. ágúst 2011, ásamt fjárhagsáætlun 2011.
 - e) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar, dags. 17. ágúst 2011.
 - f) Fundar um fyrirkomulag innáaksturs úr Svartárdal, dags. 16. ágúst 2011.
 - g) Fundar með bílstjórum úr Vatnsdal og Þingi, dags. 12. ágúst 2011.
 - h) Fundar um Álkuskála, dags. 15. ágúst 2011, ásamt samkomulagi um umsjón á skálanum.
 - i) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 18. ágúst 2011.
 - j) Heilbrigðisnefndar Norðurlands-vestra, dags. 4. ágúst 2011.
5. **Bréf:**
 - a) Frá UMFÍ, dags. 27. 07.2011.
 - b) Frá UMFÍ, dags. 15.08.2011.
 - c) Frá Jafnréttisstofu, dags. 15.08.2011.
 - d) Frá Ungmennafélagi Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 11.07.2011.
 - e) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 16.08.2011.
6. **Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar á dagskrá fundarins. Fundargerð fjallskiladeildar Grímstungu og Haukagilsheiðar dags. 16. ágúst 2011, tekin fyrir undir dagskrárlið 4k) Erindi frá Kristínu Ágústsdóttur dags. 5.ágúst 2011, tekið fyrir undir dagskrárlið 5f).

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Rætt um greiðslur sveitarfélagsins vegna starfsfólks sem nýtir sér ferðir skólabíla. Tillaga um að segja þessum greiðslum upp frá næstu áramótum var samþykkt með 5 atkvæðum (ÞS, MS, IS, JS, GRH) 2 sátu hjá. (BM, JEP)

Leigjendur á Steinholti óska eftir að leigja beitarhólf fyrir hross, austan Húnavallaskóla, milli Orrastaða og Reykjabrautar.

Samþykkt var að framlengja til eins árs samning milli Blönduóssbæjar, Húnavatnshrepps og Farskólans á Norðurl-vestra, um námsver fjarnema að Þverbraut 1 á Blönduósi og kennsluáðstöðu í grunnskólum sveitarfélaganna, að höfðu samráði við skólastjórnendur.

Samþykkt voru kaup á lítilli rafstöð til nota fyrir sveitarfélagið.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

109. fundur.

Rætt var um dreifikerfi farsíma í Svartárdal. Eftir viðræður við símafyrirtækin er ljóst að verið er að skoða málin, en ekkert er ákveðið með úrbætur.

Farið var yfir stöðu fjármála hjá sveitarfélaginu og lánakjör hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Húnavöllum og við Dalsmynni.

2. Skólastarfið á Húnavöllum.

Sigríður Aadnegard mætti til fundar undir þessum lið. Sigríður sagði skólastarfið fara vel af stað. Í grunnskólanum eru 60 nemendur í upphafi skólaárs og 10 nemendur í leikskóla. Farið var yfir kennslustundafjölda, fækkun skiptistunda, kennaramál og skipulag á starfi skólaliða. Skólastjóri kynnti breytingar á skóladagatali. Rætt var um gerð skólastefnu fyrir Húnavallaskóla og vinnulag við gerð hennar.

3. Kosning í nefndir, ráð og stjórnir. Til eins árs.

Í fundarboði kom fram að kjósa ætti til kjörstjórnar til eins árs eins og fram kom í fundargerð nr. 89 frá 14. júní 2010. Samkvæmt samþykktum Húnavatnshrepps er kosið í kjörstjórn til fjögurra ára og staðfestist það hér með.

Fulltrúar á ársþing SSVN, til eins árs. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
Aðalmenn: Þóra Sverrisdóttir, Magnús Sigurðsson, Jóhanna E. Pálmadóttir
Varamenn: Jakob Sigurjónsson, Ingibjörg Sigurðardóttir, Guðmundur R. Halldórsson.

4. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 18. ágúst 2011.
Lögð fram til kynningar.

b) Hússtjórnar Dalsmynnis, dags. 15. ágúst 2011.
Lögð fram til kynningar.

c) Almennur fundur fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 13. apríl 2011.
Lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 16. ágúst 2011, ásamt fjárhagsáætlun 2011.
Fundargerðin lögð fram til kynningar. Fjárhagsáætlunin samþykkt.

e) Fjallskilastjórnar Auðkúluheiðar, dags. 17. ágúst 2011.
Lögð fram til kynningar.

f) Fundar um fyrirkomulag innáaksturs úr Svartárdal, dags. 16. ágúst 2011.
Lögð fram til kynningar.

g) Fundar með bílstjórum úr Vatnsdal og Þingi, dags. 12. ágúst 2011.
Gengið hefur verið til samninga, til eins árs, við eftirtalda bílstjóra á grundvelli þess km. gjalds sem fram kom í tilboði Egils Herbertssonar.

Ingbór J. Kristmundsson: Vatnsdalur að austan-Forsæludalur.

Egill Herbertsson: Vatnsdalur að vestan.

Pálmi Ellertsson: Þing-Hólabak.

Fólksflutningar Halls, Hallur Hilmarsson: Blönduós – Ásar.

Fulltrúar A-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar A-lista telja eðlilegt að reynt hefði verið að ná samningum til þriggja ára við Pálma Ellertsson, Egil Herbertsson, Ingbór J. Kristmundsson og Hall Hilmarsson vegna skólaaksturs í Þingi,

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

109. fundur.

Vatnsdal og á Ásum. Fulltrúar listans óska eftir rökstuðningi vegna ákvörðunar að semja bara til eins árs. Áður hefur verið samið til þriggja ára á öðrum akstursleiðum og eðlilegt má telja að allir aksturssamningar séu lausir á sama tíma.

Fulltrúar E-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar E-lista töldu eðlilegt að gera samning til eins árs miðað við óbreytt akstursfyrirkomulag frá fyrri árum, þar sem meiningin er að ná fram sem mestri hagræðingu á öllum akstursleiðum, enda komu ekki fram gild tilboð í fyrirhugaðar leiðir. Stefnt er að því að bjóða þessar akstursleiðir út til tveggja ára frá og með næsta skólaári.

Bókun A-lista kemur mjög á óvart í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór á síðasta fundi hreppsnefndar um málið og því að hreppsnefndarfulltrúar voru upplýstir um samningana í tölvupósti dags. 12. ágúst, eða sama dag og oddviti og sveitarstjóri funduðu með bílstjórnum. Óskað var eftir athugasemdum frá fulltrúum hreppsnefndar, en engar bárust.

- h) Fundar um Álkuskála, dags. 15. ágúst 2011, ásamt samkomulagi um umsjón á skálanum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Fram kom að þau mistök voru gerð í ritun fundargerðar, að ekki kom fram að samningurinn er að sjálfsgöðu gerður með fyrirvara um samþykki hreppsnefndar og er samningsaðilum það ljóst.

Samningurinn var samþykktur með fjórum gr. atkvæðum. (ÞS, MS, IS, JS) Þrír sátu hjá. (BM, GRH, JEP)

Fulltrúar A-lista lýsa furðu sinn á þeim vinnubrögðum meirihluta Húnavatnshrepps að ganga til samninga um umsjón Álkuskála án þess að leggja samninginn fyrir hreppsnefnd áður en til undirskriftar kom.

Björn Magnússon yfirgaf fundinn.

- i) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 18. ágúst 2011. Lögð fram til kynningar.

- j) Heilbrigðisnefndar Norðurlands-vestra, dags. 4. ágúst 2011. Lögð fram til kynningar. Nokkrar umræður voru um Hveravelli.

- k) Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 16. ágúst 2011. Lögð fram til kynningar. Unnið hefur verið við viðgerðir á Þórormstungurétt og unnið er við uppsetningu á geymsluhólfi í landi Grímstungu.

5. Bréf:

- a) Frá UMFÍ, dags. 27. 07.2011.

Efni: Auglýst er eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmt 2. Landsmóts UMFÍ 50+ sem haldið verður 2012. Til kynningar.

- b) Frá UMFÍ, dags. 15.08.2011.

Efni: Vegna síaukinnar neyslu ungs fólks á munntóbaki hefur UMFÍ látið hanna skilti til forvarnar og gefst sambandsaðilum og sveitarfélögum kostur á að setja skiltið upp í og við íþróttamannvirki sín. Samþykkt að kaupa þrjú skilti til uppsetningar á Húnavöllum.

- c) Frá Jafnréttisstofu, dags. 15.08.2011.

Efni: Beiðni um afhendingu jafnréttisáætlunar, ásamt framkvæmdaáætlun. Erindinu vísað til jafnréttisnefndar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

109. fundur.

d) Frá Ungmennafélagi Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 11.07.2011.

Efni: Styrkbeiðni.

Hreppsnefnd samþykkti greiðslu styrkjarins í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun.

e) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 16.08.2011.

Efni: Úrskurður ráðuneytisins í stjórnsýslumáli nr. IRR11060208, Sólveig Inga Friðriksdóttir og Kolbeinn Erlendsson gegn Húnavatnshreppi, sem kveðinn var upp þann 15. ágúst s.l.

Kærinni var vísað frá ráðuneytinu.

Lagt fram til kynningar.

f) Frá Kristínu Ágústsdóttur, dags. 05.08.2011.

Efni: Umsókn um stofnun lóðar í landi jarðarinnar Flögu í Vatnsdal. Með erindinu fylgir hnitsettur uppdráttur. Landið sem umræðir verður tekið úr landbúnaðarnotkun.

Hreppsnefnd samþykkti erindið fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki Landbúnaðarráðuneytisins.

6. Önnur mál.

Tekin fyrir fjögur erindi sem voru færð í trúnaðarmálabók.

Oddviti lýsti yfir ánægju og þakklæti sínu með íbúðahátið sem haldinn var að Húnavöllum 11 ágúst s.l. Menningar-íþrótt og æskulýðsnefnd sá um framkvæmd hátíðarinnar í samstarfi við starfsmenn hreppsins.

Hreppsnefnd fagnar öfluglu starfi ungmennafélaga innan USAH og þeim góða árangri sem ungmenni á vegum þess hafa náð á íþróttamótum sumarsins.

Samþykkt var að auglýsa lausar íbúðir sveitarfélagsins til leigu.

Þorvaldur Böðvarsson, rekstrarstjóri vegagerðarinnar á Hvammstanga mætti til fundar. Rætt var um ástand malarvega í sveitarfélaginu. Fjallað sérstaklega um vegakafla á Grundarflóa og við Stekkjardal. Í ljós kom að ef leggja á bundið slitlag á vegakaflann við Dalsmynni komi sá kostnaður að mestum hluta á sveitarfélagið. Rætt um brú við Barkarstaði og unnið efni í Svartárdal og hvenær ætlun sé að setja það í veginn. Þorvaldur sagði að Vegagerðin væri að fá um 60% af því fé sem þörf er á til viðhalds á malarvegum. Ef hefla á heimreiðar, þarf beiðni þar um frá ábúendum.

Þorvaldur yfirgaf fundinn.

Oddviti kynnti ýmis mál sem voru til umræðu á þingi SSNV. Erindi og ályktanir frá þinginu verða birtar á heimasíðu SSNV.

Fundi slitið kl. 18. 25

Þóra Sverrisdóttir

Björn Magnússon

Jakob Sigurjónsson

Jóhanna E. Pálmadóttir

Magnús R. Sigurðsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen